



LEIÐBEINANDI REGLUR

fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum

Samkvæmt 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, er heimilt að veita fötluðu fólki aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Þá er ráðherra heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnnum er jafnframt heimilt að setja sér nánari reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

Við setningu og framkvæmd reglna sinna skulu sveitarfélög taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 26. og 28. gr. samningsins er fjallað um hæfingu og endurhæfingu.

Á grundvelli framangreinds ákvæðis gefur velferðarráðuneytið út eftirfarandi leiðbeinandi reglur:

1. gr.

Markmið.

Reglur sveitarfélags ættu að tilgreina þau markmið sem stefnt er að, til dæmis á eftirfarandi hátt:

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- sótt sér menntun,
- viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og
- nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

2. gr.

Hverjir eiga kost á styrk.

Reglur sveitarfélags um styrki til náms og tækjakaupa sækja stoð sína til laga um málefni fatlaðs fólks. Þau lög mæla hvorki fyrir um það hverjir eigi kost á styrkjum né tilgreina aldursmörk í því sambandi. Því er almennt gengið út frá því að hver einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar geti sótt um styrk samkvæmt reglum sveitarfélags.

Sveitarfélag getur hins vegar ákveðið forgangs röðun eða áherslusvið við úthlutun styrkja enda sé það tilgreint í reglum þess. Sveitarfélag getur þannig ákveðið að styrkjum sé einkum ætlað að standa til boða fyrir umsækjendur 18–67 ára. Einnig getur sveitarfélag litið til þess við



meðferð umsókna hvort hæfing sem óskað er eftir stuðningi við geti nýst á vinnumarkaði, meðal annars með tilliti til aldurs umsækjanda. Aðstæður í sveitarfélagi með tilliti til námsúrræða geta einnig haft áhrif á mótun reglna, til dæmis er eðlilegt að sveitarfélag þar sem framhaldsskóli er starfræktur taki afstöðu til þess hvort fatlaðir nemendur, yngri en 18 ára, geti átt kost á styrk til kaupa á fartölvu sem gagnast við námið.

Styrkveitingu er ætlað að stuðla að virkni í víðum skilningi. Styrkir koma þó hvorki í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

Æskilegt er að á umsóknareyðublaði komi fram útdráttur úr lögum um málefni fatlaðs fólks sem taki til ákvæða í 2., 5. og 27. gr. laganna.

3. gr.

Orðskýringar.

Hæfing hefur að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðið sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

4. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk.

Í reglum sveitarfélags eru sett fram skilyrði sem forsendur fyrir því að umsókn sé tekin til meðferðar. Skilyrðin verða að eiga sér stoð í ákvæðum laganna og markmiðum þess að veita styrki. Meðal skilyrða sem teljast málefnaleg í þessu sambandi eru að:

- Styrkur vegna starfsemi (verkfæra- og tækjakaupa) skapi viðkomandi atvinnu.
- Fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða námskeið.
- Líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir. Í þessu sambandi er vísað til sjóða stéttarfélaga sem umsækjandi greiðir til, lögbundinna framlaga vegna hjálpartækja og þess ef nám er lánshæft samkvæmt lögum og úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Umsækjandi skal leggja fram gögn sem staðfesta þau atriði sem fram koma í reglum viðkomandi sveitarfélags.

Æskilegt er að sveitarfélag bjóði upp á að skila megi umsókn inn rafrænt og að eyðublöð vegna umsókna beri með sér hvaða upplýsinga er þörf, meðal annars örorkuskírteini og hvort nýir umsækjendur þurfi að skila inn læknisvottorði.



5. gr.

Mat á umsókn um styrk.

Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar skv. 4. gr. fer fram mat á umsókn. Í reglum sveitarfélags þarf að koma fram hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar matinu, einkum ef forgangsraða þarf umsóknum.

6. gr.

Gagnaöflun.

Í reglum skal tilgreint hvaða gögn eigi að fylgja umsókn, auk þess sem sem tekið skal fram að heimilt sé að afla frekari gagna vegna meðferðar á umsókn.

Gögn, sbr. 4. gr.

Gögn um að skilyrði séu uppfyllt þurfa að fylgja með umsókn. Ef á þetta skortir má gefa umsækjanda kost á að bæta úr umsókn að þessu leyti. Gæta ber jafnræðis í þessu tilliti og skal sama standa öðrum umsækjendum til boða. Taka ber tillit til þess ef umsækjandi vísar á réttargæslumenn, aðstandendur eða aðra persónulega talsmenn varðandi gagnaöflun.

Umsókn sem ekki er studd þessum gögnum er vísað frá.

Gögn, sbr. 5. gr.

Umsækjandi skal að jafnaði leggja fram þau gögn sem varða mat á umsókn. Umsækjandi getur þó veitt sveitarfélagi heimild til þess að afla þeirra gagna sem það hefur aðgang að.

Taka ber tillit til þess ef notandi vísar á aðstandendur, aðra persónulega talsmenn eða réttindagæslumenn.

Enn fremur er rétt að tilgreint sé í reglum sveitarfélags að þessi málsgögn sem varða persónulega hagi einstaklinga skuli varðveitt með tryggilegum hætti. Þá skal koma fram að umsækjandi eigi rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum. Vísa má til verklagsreglna sveitarfélags um meðferð persónuupplýsinga hvað þennan lið varðar.

7. gr.

Auglýsingar.

Í reglum hvers sveitarfélags skulu vera ákvæði um það hvernig auglýst sé eftir umsóknum um styrki. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um aðferð við úthlutun. Tryggja þarf ákveðna útbreiðslu þessara upplýsinga en ekki er gerð krafa um að auglýsing birtist í fjölmiðli á landsvísu.

8. gr.

Úthlutun styrkja.

Í reglum hvers sveitarfélags skal lýst þeirri aðferð sem beitt er við úthlutun styrkja. Heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs. Sveitarfélagi er heimilt að úthluta einu sinni á ári á grundvelli auglýsingar, sbr. 7. gr., eða afgreiða umsóknir innan tiltekins tímabils. Sé síðarnefnda aðferðin notuð skal gerður fyrirvari um að til úthlutunar hverju sinni sé tiltekin fjárhæð.



Sveitarfélagi er heimilt í reglum sínum að binda styrk til hvers einstaklings við þau mörk að aldrei skuli greiða meira en tiltekinn hundraðshluta af útlögðum kostnaði og allt að tiltekinni hámarksfjárhæð á ári.

Sveitarfélag getur einnig mælt fyrir um að líta megi til fyrri úthlutunar við ákvörðun styrks, meðal annars þannig að styrkur til verkfæra- og tækjakaupa sé að öllu jöfnu ekki veittur sama einstaklingi oftari en á tveggja ára fresti.

Komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða röskunar á forsendum fyrir úthlutun er sveitarfélagi heimilt að forgangsraða umsóknum enda sé það í samræmi við reglur og áherslur sem þar eru greindar, sbr. 2. gr.

9. gr.

Leiðbeiningarskylda og tengd atriði.

Í reglum hvers sveitarfélags skal tilgreint að starfsmenn þess veiti umsækjendum aðstoð við umsóknir og að niðurstaða úthlutunar sé rökstudd. Synjun, frávísun eða verulega skert úthlutun frá því sem vænta mátti skal rökstudd sérstaklega í afgreiðslubréfi, auk þess sem veittar eru leiðbeiningar um málskot (endurupptaka máls á vettvangi félagsmálanefndar ef við á eða kæra til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála).

Við meðferð umsókna skulu starfsmenn sveitarfélags veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir félagsþjónustu sveitarfélaga skal starfsmaður framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga, og upplýsa umsækjanda um það.

Í svarbréfi til umsækjanda ætti að koma fram í hvaða reit á skattframtali eigi að færa styrkfjárhæðina.

Reglur sveitarfélags um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks samkvæmt þessum leiðbeiningum skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 38. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

10. gr.

Endurkröfur.

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru að öllu jöfnu endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en umsókn gerði ráð fyrir. Sveitarfélag getur í reglum sínum áskilið sér rétt til að endurkrefja viðkomandi um fjárhæð úthlutaðs styrks með vísun til almennra reglna kröfurettar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt séu rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

11. gr.

Útborgun.

Sveitarfélag skal láta það koma fram í reglum sínum ef styrkur verður einungis greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum, til dæmis þannig að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin og að styrkur renni ekki til lögaðila.



12. gr.

Endurskoðun reglna.

Reglur sveitarfélags skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Tilvísanir

Samningur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks, undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars 2007.

Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

13. gr.

Gildistaka.

Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 2012.

Velferðarráðuneytinu

24. janúar 2012